

Ed.

398. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Þó er heimilt að greiða styrk lestrarfélögum í kaupúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi sams konar bóka-kost.

2. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga ár hvert, svo fljótt sem auðið er, fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga, hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 2 kr. fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefur greitt, eða 4 kr. á heimili. Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fræðslumálastjóri ákveður um skýrsluskil lestrarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.